



Stefna skólans og gildi

Í Ásgarði er skólasamfélag sem vinnur að því með nemendum sínum og fjölskyldum þeirra að þeir verði færir um að vera virkir þegnar í nútímasamfélagi og geti lagt sitt af mörkum við að bæta heiminn.

Í Ásgarði gera allir **alltaf sitt besta**. Við sýnum hvert öðru **virðingu** og látum til okkar taka við að gera **umhverfi okkar og heiminn allan betri**.

Stefna skólans er að nemendur og starfsfólk skólans:

- Séu forvitin og njóti þess að kafa ofan í viðfangsefni sín
- Aðlagist síbreytilegum aðstæðum
- Gefist ekki upp
- Beri umhyggju fyrir sér og öðrum
- Ástundi góð samskipti og sýni virðingu í einu og öllu
- Sýni tillitssemi við hvert annað og alla í umhverfi sínu
- Geti unnið sjálfstætt og með öðrum

Í Ásgarði er sérstaklega lagt upp með að skólasamfélagið líti á heiminn sem eina heild, beri virðingu fyrir íbúum alheimsþorpsins, menningu allra, stjórnámum, tungumálum og listum.

Kennslufræðileg stefna


Starfsfólk Ásgarðs hefur sett sér það markmið að bjóða upp á framúrskarandi skólastarf og tryggja meðal annars að **fjölbreyttir kennsluhættir** og **námsmat** birtist með skýrum hætti í skólastarfinu. Kennarar hafa sett sér viðmið um hlutfall mismunandi kennsluhátta og námsmats til að mæta sem best fjölbreyttum þörfum nemenda.

Kennsluhættir við Ásgarð teljast fjölbreyttir þegar vísað er til margvíslegra kennsluaðferða sem kalla á virkni nemenda a.m.k. 90% af náms- og kennslutíma nemenda. Bein kennsla kennara með fyrirlestrum og útskýringum ásamt þjálfunaræfingum í verkefnabókum er að jafnaði ekki meira en um 10% náms- og kennslutíma nemenda. Kennsluaðferðir sem stuðla að sjálfstæði, samræðu, samvinnu, gagnrýnni hugsun og skapandi vinnubrögðum eru í öndvegi.

Í Ásgarði hefur verið ákveðið að byggja á aðferðum IMYC námskrárinnar þar sem námsferlið byggir á samþættingu námsgreina og eftirfarandi rannsóknarferli. Námið grundvallast á



Þemum sem skipulögð eru í námsvísi skólans. Á hverju ári eru sex þemu sem allir árgangar fara í gegnum saman.



[Fieldwork Education: 2020](#)

Persónumiðað nám

Kennarar í Ásgarði hafa einsett sér að **skara fram úr** við útfærslu **persónumiðaðs** náms.

- Lagt er út frá sama þema fyrir alla en viðfangsefnin eru mismunandi eftir áhuga og/eða getu nemenda
- Nemendur gera áætlanir í samvinnu við kennara og foreldra með markmiðum fyrir hverja námslotu eða tímabil
- Námsaðferðir eru í samhengi við markmið hvers og eins nemanda sem smám saman fara að þekkja eigin námsstíl
- Hópaskipting er fjölbreytt og áhersla lögð á samvinnu jafnt sem sjálfstæð vinnubrögð
- Námsmat er að mestu leyti einstaklingsmiðað og nemendur er virkir þátttakendur í því
- Fylgst er vandlega með framförum hvers og eins og brugðist við ef framfarir teljast óeðlilegar.



Kennarar styðjast við matstæki GGÓ um starfshætti í anda hugmynda um einstaklingsmiðað nám, lýðræðislegt og nemendamiðað skólastarf og lærdómssamfélag. Stefnan er að mælast ávallt á 5. stigi.

(Byggt á Matstæki GGÓ frá 2018; Reykjavíkurborg, kennara og nemendastoð, birtist meðal annars [hér](#))

Uppeldisfræðileg stefna

Hin óyggjandi vitneskja um að nám fari stöðugt fram er í senn uppeldisfræðileg og kennslufræðileg stefna Ásgarðs. **Vaxtarhugarfar** er ríkjandi á öllum stigum í starfsemi Ásgarðs. Það er sérstakt markmið að nemendur og kennarar tileinki sér vaxtarhugarfar og hafi trú á því að æfingin skapi meistarann og að kennarar og foreldrar tileinki sér að styðja við og horfa á námsferlið sem sigur í sjálfu sér. Mistök eru mikilvæg til að læra af og við hvetjum hvert annað til að taka áhættu. Ásgarður er öruggur staður til að gera tilraunir, viðra skoðanir sínar og vaxa. Við þetta styðja fjölbreyttir kennsluhættir þar sem gert er ráð fyrir sjálfstæði og samvinnu í vinnubrögðum.

Í Ásgarði er áhersla á vaxtarhugarfar með megináherslu á stuðning við jákvæða hegðun. Misbrest á hegðun er leitast við að leiðrétta með leiðum sem einkennast af umhyggju, virðingu, reisu og festu.

Skólabragur

Það er skýr stefna skólans að komið sé fram við alla af virðingu og að allir hafi jafnan rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Lögð er megináhersla á að allir geri sitt besta og leggi sig fram um að bæta eigið umhverfi sem og líf sitt og annarra. Gengið er út frá því að allir geti fylgt stefnu skólans en stutt er við þá sem þarfnast frekari stuðning við að tileinka sér þátttöku í skólabrag þar sem virðing er höfð að leiðarljósi.

Vaxtarhugarfar og námsmenning leiðsagnarmats á að einkenna skólabrag Ásgarðsskóla, að skólasamfélagið hafi trú á því að við séum öll stöðugt að bæta okkur með því að takast á við áskoranir.

Með því að nemendum sé mætt þar sem þeir eru staddir og með því að þeir upplifi traust og hvatningu til að taka taka þátt í skólastarfinu eykur starfsfólkið líkur á því að gagnkvæm virðing og jákvæðni verði einkennandi í samskiptum starfsfólks og nemenda.

Skóli margbreytileikans

Í Ásgarði eru allir jafnir og nemendur hvorki aðgreindir vegna aldurs, kyns, uppruna eða með nokkrum öðrum hætti. Allir nemendur skólans hafa þarfir og tekið er tillit til þeirra -



SÝN OG STEFNA

engar þarfir eru “sér” þarfir - eða allar þarfir eru sérþarfir. Námið er sniðið að þörfum hvers og eins.

Nemendur vinna í teyllum eða sjálfstætt en er ekki er skipt í bekki. Nemendur gera sínar eigin námsáætlanir í samvinnu og samstarfi við kennara sína og foreldra. Viðfangsefnin stjórnast af grunnþáttum og þeim en nánari útfærslur eru alltaf í höndum nemenda.

Það er lykilatriði að allir nemendur bæti sig sem námsmenn og verði í hverju skrefi hæfari til að bera vaxandi ábyrgð á námi sínu og smám saman skipulagt það af eigin rammleik. Með hverju skrefi nálgast nemandinn hæfni til að hefja nám í framhaldsskóla. Ásgarður er öruggt umhverfi sem gerir nemendum kleift að æfa sig sem sjálfstæðir námsmenn og fá að taka örugg skref út í lífið með viðfangsefnum sem henta hverjum og einum.

Umhverfisstefna Ásgarðsskóla

Stefnan byggir á hlutverki, gildum og meginmarkmiðum skólans:

Í Ásgarði gera allir alltaf sitt besta. Við sýnum hvert öðru virðingu og látum til okkar taka við að gera umhverfi okkar og heiminn allan betri.

Stefna skólans er að leita stöðugt leiða til þess að þróa og bæta leiðir í umhverfismálum og virkja nemendur, starfsfólk og foreldra auk aðila nærsamfélags til þess að vinna að þeim markmiðum sem að er stefnt. Nemendur eru hvattir til umræðu og gagnrýnnar hugsunar um umhverfismál í sínu samfélagi sem og á hnattrænan hátt. Lögð er áhersla á góða umgengni um eitur skólans, einnig að nemendur verði meðvitaðir um þau verðmæti sem þeir umgangast dags daglega og gildi þess að fara vel með allt sem okkur er falið að vernda og rækta í náttúrunni.